

**Ed.**

### **34. Frumvarp til laga**

um framlög til kynnisferða sveitafólks.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Lagt skal á sérstakt gjald, er nemur  $\frac{1}{2}\%$  af heildsöluverði á kjöti og innveginni mjólk til mjólkurbúa, sbr. þó 3. gr.

2. gr.

Gjald það, er um ræðir í 1. gr., skal renna í sjóð, er nefnist „ferðasjóður sveitafólks“ og hefur það verkefni að styrkja kynnisferðir sveitafólks, sem ekki nýtur orlofs samkvæmt sérstökum lögum eða samningum.

3. gr.

Gjaldið til ferðasjóðs sveitafólks skal lagt á:

- a. Alla þá mjólk og mjólkurvörur, sem seldar eru frá viðurkenndum mjólkurbúum, svo og aðra þá mjólk, sem verðjöfnunargjald er greitt af samkvæmt lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, nr. 1/1935.
- b. Allt verðjöfnunarskytt kjöt, sem selt er á innlendum markaði samkvæmt ráðstöfun kjötverðlagsnefndar, sbr. lög nr. 2 9. jan. 1935.

4. gr.

Gjöld til ferðasjóðs greiðir:

- a. Kjötverðlagsnefnd að því leyti, sem gjald þetta greiðist af seldu kjöti.
- b. Mjólkurbú og mjólkursamsölur að því leyti, sem gjald þetta greiðist af mjólk og mjólkurvörum, eftir því sem sala á þeim vörum segir til um.

Gjöld þessi skulu afhent Búnaðarfélagi Íslands til varðveislu, þegar gengið er frá ársreikningum hlutaðeigandi innheimtustofnunar.

5. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal skipta hinum árlegu tekjum ferðasjóðs milli búnaðarsambandanna, en búnaðarsamböndin milli hreppabúnaðarfélaganna, hvert á sínu sambandssvæði. Styrk úr ferðasjóði skal aðallega verja til þess að standast kostnað við hópferðir sveitafólks til að kynnast fjarlægum héruðum, búnaðarháttum þar og búnaðarframkvæmdum. Einnig er heimilt að verja fé úr sjóðnum til þess að greiða fyrir látæka einyrkja, er ekki eiga heimangengt, nauðsynlega aðstoð við heimilisstörf, meðan á ferðinni stendur.

6. gr.

Ráðherra setur reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um allar nánari framkvæmdir samkvæmt lögum þessum, þar á meðal um innheimtu gjaldsins og úthlutun fjárens.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Þann 8. apríl síðast liðinn veik efri deild Alþingis með rökstuddri dagskrá frá umræðu frumvarpi til laga um framlög til kynnisferða sveitafólks.

Atvinnumálaráðuneytið hefur óskað tillagna stjórnar Búnaðarfélags Íslands um þetta mál, og hefur búnaðarfélagsstjórnin í bréfi, dags. 14. júlí síðast liðinn, tilkynnt ráðuneytinu, að hún hafi gert svo hljóðandi ályktun:

„Stjórn Búnaðarfélags Íslands leyfir sér að vísa til tillagna landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis á þskj. 446 svo og breytingartillagna frá minni hluta landbúnaðarnefndar efri deildar á þskj. 570. Í þessum tillögum kemur fram vilji síðasta Búnaðarþings í þessu máli, og leyfir stjórn Búnaðarfélags Íslands sér að mæla með, að þessar tillögur á áðurnefndum þingskjölum verði lagðar fram í frumvarpsformi á Alþingi.“

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, er framangreint frv. samhljóða tillögum landbúnaðarnefndar neðri deildar á þingskjali 446 með breytingum þeim, sem um ræðir í nefndaráliti minni hluta landbúnaðarnefndar efri deildar á þingskjali 570.